



Skýrsla Jafnréttisstofu um
nefndir, ráð og stjórnir
á vegum ráðuneytanna
árið 2020

Júní 2021



Útgefandi:

Jafnréttisstofa

Júní 2021

jafnretti@jafnretti.is

www.jafnretti.is

©2021 Jafnréttisstofa

ISBN 978-9935-428-44-8

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Hlutfall í nefndum árið 2020	2
Tafla 1: Hlutfall í nefndum 2020.....	2
Hlutfall í nefndum skipuðum árið 2020	3
Tafla 2: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu 2020.....	3
Nefndir skipaðar skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 árið 2020	4
Tafla 3: Nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. árið 2020	4
Tafla 4: Nýting undanþáguheimildar árið 2020.....	5
Tafla 5: Starfandi nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. 2019 og 2020	6
Starfandi nefndir frá 2008-2020	7
Tafla 6: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. laga	7
Tafla 7: Skipanir árin 2008-2020 samkvæmt 15. gr. laga	8
Samanburður 2012-2020	9
Tafla 8: Hlutfall í nefndum 2012, 2016, 2020.....	9
Tafla 9: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárunum 2012, 2016, 2020.....	10
Niðurstöður	11

Inngangur

Með jafnréttislögum árið 2008 var kynjakvóti leiddur í lög á Íslandi. Í 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 segir: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“ Þó svo að ákvæði um þátttöku beggja kynja í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga hafi ekki verið í lögum fyrir árið 2008 þá var svipað ákvæði í framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum í einni eða annarri mynd frá árinu 1993. Nú birtir Jafnréttisstofa skýrslu sína í áttunda sinn. Áður hafa samantektir Jafnréttisstofu verið birtar í skýrslum ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Skýrsla ráðherra hefur verið lögð fram á Alþingi samhliða nýjum framkvæmdaáætlunum um jafnréttismál en eftir 2008 hefur hún komið út fyrir jafnréttisþing sem er haldið annað hvert ár.

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga og fær upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu. Þegar Jafnréttisstofa hefur fengið gögnin afhent eru þau greind og meðaltal reiknað út og breytingar á milli ára skoðaðar. Eftir lagabreytinguna 2008 er hver nefnd fyrir sig skoðuð og í framhaldinu þurfa ráðuneytin að gera grein fyrir ástæðum þess ef nefndir eru ekki skipaðar í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga. Jafnréttisstofa leggur svo mat á hvort undanþáguheimildin í 2. mgr., sbr. 3. mgr. 15. gr. eigi við auk þess sem athugað er hvort ráðuneytin fari eftir þeirri vinnureglu um tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir sem gert er ráð fyrir í 15. gr.¹

Í þessari skýrslu er farið yfir skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2020.

¹ Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 voru samþykkt undir lok árs 2020 en tóku gildi í ársbyrjun 2021 og því er í þessari skýrslu rætt um 15. gr. laga 10/2008.

Hlutfall í nefndum árið 2020

Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndarsæta í öllum ráðuneytum eftir kyni kemur í ljós að á árinu 2020 var hlutur kvenna 51% og hlutur karla 49%. Er þetta annað árið sem konur eru fleiri en karlar, það gerðist fyrst árið áður. Þegar litið er til fjölda einstaklinga eru þetta 1901 konur og 1836 karlar, eða 65 fleiri konur en karlar. Meðaltalið er þó ólíkt milli ráðuneyta og mikilvægt að skoða hvert ráðuneyti fyrir sig.

Tafla 1: Hlutfall í nefndum 2020

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneytið	218	190	408	53%	47%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	89	94	183	49%	51%
Dómsmálaráðuneytið	149	138	287	52%	48%
Félagsmálaráðuneytið	191	166	357	54%	46%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	128	148	276	46%	54%
Heilbrigðisráðuneytið	185	145	330	56%	44%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	552	516	1068	52%	48%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	114	153	267	43%	57%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	231	244	475	49%	51%
Utánríkisráðuneytið	44	42	86	51%	49%
Samtals	1901	1836	3737	51%	49%

Árið 2020 er áttunda árið sem öll ráðuneytin ná 40% viðmiðunarmarkinu. Ekkert ráðuneyti er með jafna kynjaskiptingu, þrjú ráðuneyti hafa 49/51 skiptingu. Árið 2020 voru sex ráðuneyti af tíu með hlutfall kvenna hærra en hlutfall karla. Lægsta hlutfall kvenna var hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu eða 43%. Lægsta hlutfall karla var í heilbrigðisráðuneytinu eða 44%. Eins og áður segir eru þessi hlutföll þó í samræmi við þau markmið sem löggjöfin setur.

Hlutfall í nefndum skipuðum árið 2020

Það er þó ekki nóg að líta til heildarfjölda nefndarfólks heldur verður einnig að skoða hvernig skipað var í nýjar nefndir, ráð og stjórnir á árinu 2020. Ýmsar nefndir sitja lengi og það er tilvalið að nýta endurkjör til að leiðrétta kynjahalla sé hann til staðar og uppfylla þar með lagaskyldur 15. gr. Það er því nauðsynlegt að skoða sérstaklega nýskipanir á hverju starfsári fyrir sig.

Þegar litið er til skipana í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna sem tóku til starfa á starfsárinu 2020 verður myndin aðeins öðruvísi en þegar meðaltalið yfir allar starfandi nefndir ársins er skoðað. Sveiflurnar í skipunum innan hvers ráðuneytis eru talsverðar.

Tafla 2: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu 2020

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneytið	17	13	30	57%	43%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	45	40	85	53%	47%
Dómsmálaráðuneytið	25	25	50	50%	50%
Félagsmálaráðuneytið	47	36	83	57%	43%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	33	36	69	48%	52%
Heilbrigðisráðuneytið	84	67	151	56%	44%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	166	141	307	54%	44%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	43	65	108	40%	60%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	49	45	94	52%	48%
Utanríkisráðuneytið	22	21	43	51%	49%
Samtals	531	489	1020	52%	48%

Jafnt kynjahlutfall var hjá dómsmálaráðuneytinu og því sem næst hjá utanríkisráðuneytinu. Mestur kynjahalli er á skipunum í nefndir hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, 40% konur og 60% karlar. Hjá forsætis- og félagsmálaráðuneytum er kynjahlutfallið 57% konur og 43% karlar á liðnu ári. Hér eru meiri munur á hlutfalli kynja í nefndum skipuðum á árinu 2020 en í heild og má því segja að nýtt hafi verið tækifæri að rétta af kynjahalla hjá flestum ráðuneytum.

Nefndir skipaðar skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 árið 2020

Árið 2020 var skipað í 179 nefndir, ráð og stjórnir, sumar nýjar og aðrar endurnýjaðar. Þegar kynjahlutfall allra nefnda var skoðað kom í ljós að 136 þeirra voru skipaðar í samræmi við 15. gr. laga eða 76% nefnda, ráða og stjórna á vegum ráðuneytanna. Ekkert ráðuneytanna náði að fylgja jöfnu kynjahlutfalli með allar nefndir.

Tafla 3: Nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. árið 2020

Ráðuneyti	í samræmi	ekki í samræmi	samtals	hlutfall í samræmi
Forsætisráðuneytið	4	1	5	80%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	11	3	14	79%
Dómsmálaráðuneytið	9	3	12	75%
Félagsmálaráðuneytið	6	5	11	55%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	11	3	14	79%
Heilbrigðisráðuneytið	22	8	30	73%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	44	11	55	80%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	10	7	17	59%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	16	1	17	94%
Utanríkisráðuneytið	3	1	4	75%
Samtals	136	43	179	76%

Eins og fram hefur komið er undanþáguheimild í löggjöfinni og því verða nefndir sem ekki eru skipaðar í samræmi við meginregluna í 1. mgr. 15. gr. að vera í samræmi við undanþáguákvæðið. Í 2. mgr. 15. gr. jafnréttislaga segir:

„Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. másl. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.“

Árið 2020 voru 43 nefndir, ráð og stjórnir ekki skipaðar í samræmi við umrædda 1. mgr. 15. gr. Á hverju ári óskar Jafnréttisstofa eftir því að ráðuneytin geri grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki nefndarskipana sem ekki eru í samræmi við 15. gr. Óskað er eftir því að ráðuneytin upplýsi um þær skýringar sem tilnefningaraðilar hafa gefið, ef ekki voru tilnefnd bæði karl og kona, auk þess hvort farið var eftir því verklagi sem ráðuneytin hafa sett sér, í samráði við Jafnréttisstofu og í samræmi við

15. gr. jafnréttislaga um skipanir í nefndir. Jafnréttisstofa leggur svo mat á það hvort undanþáguheimildin hafi verið nýtt með lögmætum hætti.

Tafla 4: Nýting undanþáguheimildar árið 2020

Ráðuneyti	Nefnd ekki í samræmi við 15. gr	Hlutlægar ástæður sem fallist er á	Hlutlægar ástæður sem ekki er fallist á
Forsætisráðuneytið	1	1	0
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	3	0	3
Dómsmálaráðuneytið	3	1	2
Félagsmálaráðuneytið	5	2	3
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	3	0	3
Heilbrigðisráðuneytið	8	8	0
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	11	10	1
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	7	7	0
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	1	1	0
Utanríkisráðuneytið	1		1
Samtals	43	30	13

Niðurstaða úttektar Jafnréttisstofu er sú að flestar nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna sem voru skipaðar árið 2020 voru skipaðar í samræmi við 15. gr jafnréttislaga eða 136 nefndir, sem eru 76% allra skipaðra nefnda eins og áður hefur komið fram. Eftir að skipan í þær 43 nefndir sem ekki voru skipaðar í samræmi við 15. gr. hafa verið skoðaðar kemur í ljós að flestar af þeim uppfylla bæði vinnuregluna sem lög gera ráð fyrir og hlutlægar ástæður frá tilnefningaraðilum liggja fyrir. Jafnréttisstofa fellst á skýringar ráðuneytanna í 30 tilfellum. Jafnréttisstofa telur að ekki sé tilefni til að nýta undanþáguheimildina hvað varðar skipun í 13 nefndir en í þeim tilfellum liggja ekki fyrir nægileg gögn um að farið hafi verið eftir verklagi við skipun í nefndir og ekki hafi verið óskað eftir hlutlægum ástæðum tilnefningaraðila. Heilbrigðisráðuneyti skipaði nefndir við óvenjulegar aðstæður vegna verkefna sem vinna þurfti vegna heimsfaraldurs af völdum Covid-19. Í þær var almennt skipað í flýti og fólk vegna sérþekkingar og stöðu og starfstími þeirra oft skammur. Var því fallist á undanþágur þar í öllum tilfellum. Sömu ástæður voru hjá fleiri ráðuneytum. Þó nefndir, stjórnir og ráð uppfylli ekki kynjahlutfall eru nefndir þar sem eru eingöngu karlar eða eingöngu konur, fáar.

Jafnréttisstofa beinir þeim tilmælum til ráðuneytanna að þau fari yfir verklag sitt varðandi skipanir í nefndir, ráð og stjórnir. Mikilvægt er að tryggja að allt starfsfólk sem óskar eftir tilnefningum sé meðvitað um verklagið svo skipað verði með þeim hætti sem lög geri ráð fyrir. Einnig er mikilvægt að málin séu skráð með þeim hætti að auðvelt sé að nálgast upplýsingar um hvort verklagi hafi verið fylgt til að hægt sé að leggja mat á það hvort nefndir falli undir undanþáguheimild.

Það er áhugavert að sjá hvernig nefndaskipan ársins 2020 hefur áhrif á heildarstöðu nefndaskipana hjá ráðuneytunum. Á hverju ári starfar fjöldi nefnda á vegum ráðuneytanna í lengri eða skemmri tíma. Í töflu 5 hafa verið tekin saman gögn um allar þær nefndir sem störfuðu á árunum 2019 og 2020, óháð því hvenær þær voru skipaðar. Sveiflur eru nokkrar milli ára og sést það á töflunni hér að neðan. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafa yfir 80% nefnda með jöfnu kynjahlutfalli. Hástökkvari ársins er mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar eru það helst nefndir sem tengjast starfsgreinum sem ekki ná að uppfylla kynjahlutföll. Hjá félagsmálaráðuneyti hefur hlutfall rétt skipaðra nefnda lækkað. Í einhverjum tilfellum höfðu nefndarmenn hætt í starfandi nefndum og varamenn verið af öðru kyni, þannig að hlutföll höfðu raskast á starfstíma þó rétt hafi verið skipað í upphafi.

Tafla 5: Starfandi nefndir skipaðar samkvæmt 15. gr. 2019 og 2020

Ráðuneyti	2020			2019		
	Fjöldi nefnda	ekki í samræmi	hlutfall í samræmi	Fjöldi nefnda	ekki í samræmi	hlutfall í samræmi
Forsætisráðuneytið	40	13	75%	54	13	76%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	63	13	83%	96	21	78%
Dómsmálaráðuneytið	36	13	73%	48	12	75%
Félagsmálaráðuneytið	26	19	58%	93	22	76%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	47	9	84%	35	5	86%
Heilbrigðisráðuneytið	43	19	69%	58	20	66%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	139	57	71%	227	97	57%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	31	10	76%	43	13	70%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	55	16	77%	78	21	73%
Utanríkisráðuneytið	4	1	80%	9	2	78%
Samtals	484	170	74%	741	226	70%

Starfandi nefndir frá 2008-2020

Eftir að lög nr. 10/2008 voru sett hóf Jafnréttisstofa að óska eftir sundurliðuðum gögnum frá ráðuneytunum svo hægt væri að rýna í skipan hvorrar nefndar fyrir sig. Árið sem löggin gengu í gildi voru 43% nefnda sem störfuðu á vegum stjórnvalda skipaðar í samræmi við nýja 15. gr. laga. Á þeim 12 árunum sem liðin eru frá því að löggjöfin tók gildi hafa nefndirnar í auknum mæli verið skipaðar í samræmi við 15. gr. laga. Hlutfall nefnda sem eru skipaðar í samræmi við löggin fór upp í 70% árið 2017 og árið 2020 í 74%.

Tafla 6: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. laga

	í samræmi	ekki	samtals	hlutfall í samræmi
2008	177	233	410	43%
2009	371	384	755	49%
2010	374	373	747	50%
2011	385	279	664	58%
2012	389	273	667	58%
2013	438	234	677	65%
2014	450	229	676	67%
2015	460	223	685	67%
2016	454	217	671	68%
2017	413	180	593	70%
2018	445	188	633	70%
2019	515	226	741	70%
2020	484	170	654	74%

Ef litið er til skipana á hverju starfsári kemur önnur mynd í ljós.

Í töflu 7 má sjá að 71% nefnda sem skipaðar voru á vegum ráðuneytanna á fyrsta ári kynjakvótans voru skipaðar í samræmi við hina nýju 15. gr. jafnréttislaga og er líklegt að meðvitund um nýja löggjöf hafi skilað þessum árangri. Hlutfallið sveiflast upp og niður en er ekki sú jafna þróun sem við sjáum í töflu 6 þar sem allar starfandi nefndir eru teknar saman. Árið 2015 sjáum við bakslag, hlutfallið fór úr 76% árið 2014 niður í 67%. Það var því ánægjulegt að sjá hlutfallið fara aftur upp í 75% árið 2016 og ná svo upp í 82% árið 2017 sem er besti árangur hingað til. Árið 2020 var það 76%.

Tafla 7: Skipanir árin 2008-2020 samkvæmt 15. gr. laga

Ár	í samræmi	ekki í samræmi	samtals	hlutfall í samræmi
2008	64	26	90	71%
2009	152	80	232	66%
2010	109	55	164	66%
2011	123	46	169	73%
2012	100	48	148	68%
2013	171	59	230	74%
2014	146	45	191	76%
2015	128	82	210	67%
2016	144	47	191	75%
2017	139	31	170	82%
2018	142	37	179	79%
2019	186	67	253	74%
2020	136	43	179	76%

Á þessum tölum má sjá að enn er þörf á umræðu um mikilvægi þess að skipa bæði konur og karla í nefndir ráðuneytanna og sveiflur milli ára geta verið talsverðar. Verklag ráðuneytanna er skýrt en þarf að festa í sessi. Mikilvægt er að rifja það upp reglulega og gæta þess að allt starfsfólk og aðrir sem tilnefna og skipa í nefndir séu vel upplýstir um löggjöfina og verklagið.

Samanburður 2012-2020

Hér er litið á þróun kynjahlutfalla í nefndum á tímabilinu 2012-2020. Árið 2012 urðu breytingar á skipan ráðuneyta; nöfnum ráðuneyta var breytt, málaflokkar færðir til og auk þess sem þeim fækkaði úr 10 í 8. Af þessum ástæðum er hefst samanburður árið 2012Tvisvar hafa orðið breytingar síðan og ráðuneytum skipt upp og þau því aftur orðin tíu.

Á heildina litið eru kynjahlutföllin í nefndarstarfi ráðuneytanna í góðu jafnvægi. Í töflu 8 sést að ráðuneytin standa sig þó misvel. Eftir sameiningu ráðuneytanna 2012 voru tvö ráðuneyti sem ekki náðu 40% viðmiðinu en hlutur kvenna var þá 39%. Árið 2013 náðu öll ráðuneytin 40% viðmiðinu í meðaltali sínu og hafa haldið því síðan.

Tafla 8: Hlutfall í nefndum 2012, 2016, 2020

Ráðuneyti	2012		2016		2020	
	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk
Forsætisráðuneytið	46%	54%	47%	53%	53%	47%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	39%	61%	44%	56%	49%	51%
Dómsmálaráðuneytið	-	-	-	-	52%	48%
Félagsmálaráðuneytið	-	-	-	-	54%	46%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	42%	58%	45%	55%	46%	54%
Heilbrigðisráðuneytið	-	-	-	-	56%	44%
Innanríkisráðuneytið	39%	61%	43%	57%	-	-
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	43%	57%	42%	58%	52%	48%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	-	-	-	-	43%	57%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	43%	57%	45%	55%	49%	51%
Utanríkisráðuneytið	42%	58%	50%	50%	51%	49%
Velferðarráðuneytið	52%	48%	54%	46%	-	-
Samtals	44%	56%	46%	54%	51%	49%

Á tímabilinu urðu talsverðar breytingar á heildarhlutföllum og eru þau nú sem næst jöfn. Hlutfall kvenna hefur hækkað um 7%, úr 44% í 51%, og er nú rúmlega helmingur annað árið í röð.

Þegar nýskipanir á starfsárunum 2012, 2016 og 2020 eru skoðaðar koma í ljós meiri sveiflur. Í töflu 9 sést að árið 2012 var eingöngu eitt ráðuneyti sem ekki náði 40% viðmiðunarmarkinu en það var atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Tölurnar fóru ýmist upp eða niður og árið 2015 voru tvö ráðuneyti með færri konur en 40%. Árið 2016 náðu öll ráðuneytin 40% lágmarkinu og vel það. Árið 2017 gerðist það í fyrsta skipti að ráðuneyti missti hlut karla niður fyrir 40% viðmiðunarmarkmiðið, en í velferðarráðuneytinu var hlutur þeirra 39%. Það gerðist svo aftur árið 2019 hjá dómsmálaráðuneytinu og fór hlutfall karla niður í 33%. Það er jafn mikilvægt að halda hlut karla yfir viðmiðunarmarkmiðinu eins og hlut kvenna því markmiðið með kynjakvótanum er að ná jafnvægi í þátttöku kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum. Tímabundnar sveiflur getur þó þurft til að rétta af kynjahalla í heild innan hvers ráðuneytis.

Tafla 9: Hlutfall í nefndum skipuðum á starfsárunum 2012, 2016, 2020

Ráðuneyti	2012		2016		2020	
	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk
Forsætisráðuneytið	53%	47%	50%	50%	57%	43%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	39%	61%	47%	53%	53%	47%
Dómsmálaráðuneytið	-	-	-	-	50%	50%
Félagsmálaráðuneytið	-	-	-	-	57%	43%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	43%	57%	48%	52%	48%	52%
Heilbrigðisráðuneytið	-	-	-	-	-	-
Innanríkisráðuneytið	42%	58%	51%	49%	-	-
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	51%	49%	45%	55%	54%	46%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	-	-	-	-	40%	60%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	45%	55%	45%	55%	52%	48%
Utanríkisráðuneytið	50%	50%	43%	57%	51%	49%
Velferðarráðuneytið	52%	48%	57%	43%	-	-
Samtals	46%	54%	49%	51%	52%	48%

Í skýrslum Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í gegnum árin má sjá ýmsar ráðleggingar. Í skýrslu vegna ársins 2014 kom fram að það væri mat Jafnréttisstofu að „nokkurt jafnvægi virðist vera komið í nefndaskipanir ráðuneytanna og telur Jafnréttisstofa ólíklegt að hlutur annars kynsins fari aftur niður fyrir 40% viðmiðunarmarkmiðið.“ Árið á eftir varð þó bakslag í þróuninni og kom fram í skýrslu Jafnréttisstofu þá að „það mat hefur verið rangt sem sýnir hversu viðkvæmur þessi málaflökkur er og hversu mikilvægt er að halda umræðunni ávallt vakandi.“ Árið 2020 var samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið með 40/60 skiptingu sem var þó ekki nýttur til að rétta af kynjahallann sem fyrir var heldur er hallinn mestur hjá því ráðuneyti í heild, alls 14%.²

² Sjá töflur 9 og 8.

Niðurstöður

Ráðuneytin hafa skýrt verklag þar sem óskað er eftir því við tilnefningaraðila að tilnefna bæði karl og konu svo hægt sé að skipa nefndir, stjórnir og ráð í samræmi við lög. Ráðuneytistjórar hafa komið sér saman um samræmt orðalag í slíkum bréfum og er það birt í *Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins*. Sum ráðuneyti ganga lengra og endursenda þau tilnefningarbréf þar sem ekki eru tilnefnd bæði karl og kona og tilnefningaraðili beðinn um að tilnefna aftur eða gera grein fyrir ástæðum þess að ekki sé tilnefnt eins og óskað var eftir. Með þeim hætti er hægt að meta hvort hlutlægar ástæður liggja að baki tilnefningunni. Ef svo er, er hægt að nýta undanþáguheimildina. Þetta verklag er það sem Jafnréttisstofa mælir með og óskar eftir að ráðuneyti styðjist við.

Ný lög um jafnrétti kynjanna nr. 150/2020 tóku gildi í upphafi árs 2021³. Þar er sambærileg lagagrein nr. 28⁴ og hefur haldist óbreytt svo telja má að vilji löggjafans sé skýr, að halda áfram á sömu braut:

28. gr. Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

Hér er þó viðbót enda er nú hlutlaus skráning kyns í þjóðskrá möguleg:

Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%.

Jafnréttisstofa ítrekar við ráðuneytin að halda sig við það verklag sem fyrir er og kynna það vel fyrir öllum hlutaðeigandi. Það á sérstaklega við nú þar sem kosið er til alþingis í september 2021 og því líklegt að nýtt fólk verði ráðherrar og starfstími fjölda nefnda, ráða og stjórna endurnýjast við stjórnarskipti.

³ <https://www.althingi.is/lagas/151a/2020150.html>

⁴ Þessi skýrsla fjallar um 15. gr. laga nr. 10/2008

 Jafnréttisstofa
— í 20 ár —